

**Mál nr. 10/2016**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á bifreiðastæði við Sambíóin við Álfabakka í Reykjavík þann 26.12.2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 14.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 27.1.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 26.1.2016, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

A var kyrrstæð við gulmerkta gangstéttarbrún. Í þann mund sem ökumaður A hafði opnað vinstri framhurð og var að setjast inn í bifreiðina var B ekið fram með A og rákust þá saman hurð A og hægri afturbretti B. Skemmdir munu ekki hafa orðið miklar á bifreiðunum.

Ökumaður A kvaðst hafa gengið að bifreiðinni en þá hafi B verið „spólandi á fullu“ við hlið A, enda hafi mikil hálka verið á bifreiðastæðinu umrætt sinn. Hafi hann gengið á milli A og B og opnað dyr A varlega að fjórðungi, þegar allt í einu heyrir skellur og bílhurðin rakst í hann þegar hann var kominn hálfur inn í bifreiðina. Þá hafi B verið á ská eftir að hafa lent í hálkumisfellu. Kvaðst ökumaðurinn hafa verið meðvitaður um staðsetningu B, en ekki getað séð fyrir að B væri allt í einu komin utan í A.

Ökumaður B kvaðst hafa séð ökumann A á leið í bifreið sína. Hann hafi hægt á ferð B, enda ekki vitað hvert ökumaður A stefndi, en taldi að hann hafi ætlað fram hjá, þ.e. á milli bifreiðanna. Allt í einu hafi ökumaðurinn staðið á milli bifreiðanna og opnað dyr A á miðri götunni. Á sama tíma hafi B runnið lítillaga til vegna hálku á akbrautinni. Hafi B verið meira en hálfan metra frá hurð A.

Vitni, félagi ökumanns A, kvað hálku og krapa hafa verið á bifreiðastæðinu og það hafi allt verið þakið hálum og ójöfnum krapa. Þegar ökumaður A var að fara í bifreið sína hafi B verið bílstjórægin við A og festist þá hægri afturdekk B í smáholu. Þegar ökumaður B hafi stigið á bensínjöfina hafi B hliðrast til og farið utan í hurðina á A.

**Álit.**

Eins og mál þetta liggur fyrir verður við það að miða að árekstur hafi orðið í þeirri andrá sem ökumaður A opnaði vinstri framdyr A og B var ekið fram með A. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við þegar farið er í eða úr ökutæki. Verður að telja að ökumaður A hafi ekki gætt þessa er hann opnaði dyr A á leið sinni inn í bifreiðina. Hann á því sök á árekstrinum. Þótt B hafi runnið eitthvað til hliðar vegna hálku og krapa á akbrautinni um það leyti sem áreksturinn varð verður samkvæmt gögnum málsins að telja ósannað að það verði rakið til sakar ökumanns B. Ekki verður heldur séð að hann eigi að öðru leyti sök á því hvernig fór. Verður ökumanni A því gefin öll sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 23. febrúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.